

12
14. júní

L Ö G

um

veiting ríkisborgararéttar.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Ríkisborgararéttur veitist eftirnefndum mönnum:

1. Jens Severin Lange, málara í Reykjavík, fæddum í Danmörku.
2. Otto Gregers Nors Grundtvig, lyfjafræðingi á Akureyri, fæddum í Danmörku.
3. Nils Hagerup Jenssen á Seyðisfirði, fæddum í Noregi.
4. Jóhannesi Stefánssyni, fæddum á Íslandi, er hefir misst íslenzkan ríkisborgararétt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.